

Skipulagsstofnun
Jóhanna Hrund Einarsdóttir
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 28.11.2024
Málsnúmer: 202411-0002
MH

Efni: Uppgræðsla í Krýsuvík - matskyldufyrirspurn

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 31. október 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matskyldufyrirspurn vegna uppgræðslu í Krýsuvík.

Í greinargerð með matskyldufyrirspurn kemur fram að Hafnafjarðarbær hyggst gróðursetja birki á tveimur svæðum í Krýsuvík sem eru innan Reykjanesfólkvangs á landi Hafnafjarðarbæjar:

- Suðvestur af Kleifarvatni: um 13 ha
- Við vesturhlíðar Vegghamra: 2–3 flákar, samtals um 3–4 ha

Ekki verður notast við tilbúinn áburð; í staðinn er fyrirhugað að dreifa lífrænum áburði, svo sem hrossaskít.

Fyrirhugað uppgræðslusvæði suðvestur af Kleifarvatni er vestan Krýsuvíkurvegar og innan svæðis sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Á svæðinu má finna forsögulegt hraun og gíga (jarðfræðikortasjá ÍSOR <https://arcgisserver.isor.is/>), sem eru þó lítil að umfangi og illgreinanleg í landslagi vegna þess að þau eru að mestu hulin seti. Þau hafa því frekar lágt verndargildi. Þá er uppgræðslusvæðið innan háhitasvæðis sem kennt er við Krýsuvík en ekki eru sýnilegar heitar uppsprettur eða jarðhitaútfellingar á yfirborði framkvæmdasvæðisins, en slík náttúrufyrirbæri njóta einnig sérstakrar verndar náttúruverndarlaga. Landsvæðið er lítt gróið og einkennist af melavistgerðum og gisinni hraungamburvist, að undanskildum áberandi blettum með kafagrasi og reskigróðri, s.s. njóla, haugarfa og sáðgrösum, sem vaxið hefur upp þar sem lífrænum áburði var dreift á svæðið fyrir nokkrum árum. Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar flokkast sá gróður sem snarrótarvist. Ekki þykir henta að planta birkiplöntum í þéttan grassvörð né í ógróin mel heldur utan í grónar þúfur. Ráðgert er að dreifa enn frekar lífrænum áburði (hrossaskít) í þeirri viðleitni að fá sambærileg gróurlendi og er að finna austan vegar sem eftir því sem best verður séð er aðallega uppgrætt graslendi.

Uppgræðslusvæðið við Vegghamra liggur nærri náttúruvættinu Eldborg við Geitahlíð og hrauninu vestan við gíginn, en nær þó ekki inn á hraunið sjálft. Landsvæðið er almennt lítt gróið, að mestu melavistgerðir og rýrar mos- og mólendisvistgerðir. Á láglandi má þó finna gróskulegri lyngbletti með grasmóavist og lyngmóavist. Á þeim hluta svæðisins sem fyrirhugað er að planta birki hefur hrossaskít þegar verið dreift. Auk þess eru hrúgur af hrossaskít á mótum núverandi Krýsuvíkurvegar og gamla Suðurstrandavegar sem ráðgert er að dreifa úr suður af uppgræðslusvæðinu. Í þessum hrossaskítshrúgum er töluvert af reskigróðri.

Birki er skráð á Krýsuvíkursvæðinu þó það myndi ekki kjarr- eða skóglendi í dag. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða gróðursetningu birkis á uppgræðslusvæðunum, enda er það markmið að endurheimta vistkerfi sem hefur látið undan síga á svæðinu. Stofnun vill þó benda á að renglutungljurt, *Botrychium tenebrosum*, hefur fundarstað suðvestur af Kleifarvatni. Hún er skráð á valista Náttúrufræðistofnunar sem tegund í yfirvofandi hættu (NT). Því er nauðsynlegt að kanna vandlega hvort tegundin finnist á fyrirhuguðu uppgræðslusvæði áður en gróðursetning hefst.

Stofnunin bendir ennfremur á að dreifing lífræns áburðar, eins og hrossaskíts, getur haft áhrif á gróðurfar. Hrossatað inniheldur til að mynda oft fræ reskitegunda sem ekki eru hluti af upprunalegu vistkerfi svæðisins, sem geta haft áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Áburðaráhrif geta orðið mjög sýnileg, þar sem þau skapa gróskumikil gróðursvæði með sterkum grænum lit sem sker sig frá umhverfinu. Til að lágmarka hugsanleg neikvæð áhrif er mikilvægt að vanda dreifingu og fylgjast með gróðurbreytingum á svæðinu.

Það er mat Náttúrufræðistofnunar að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

